

RÍKISENDURSKOÐUN

Háskólinn á Akureyri

Endurskoðun 2020

Endurskoðunarskýrsla

Desember 2021

Inngangur

Ríkisendurskoðun hefur lokið endurskoðun ársreiknings Háskólans á Akureyri fyrir árið 2020.

Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi háskólans og öðrum upplýsingum stjórnenda. Ríkisendurskoðun vekur athygli á því að stjórnendur stofnunarinnar eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu reikningsskila og jafnframt ábyrgir gagnvart notendum reikningsskilanna. Þetta felur meðal annars í sér að bókhald og fjárhagslegt eftirlit sé fullnægjandi, að réttum reikningsskilareglum sé fylgt og að viðunandi innra eftirlit hafi verið innleitt og skjalfest.

Endurskoðað var á grundvelli alþjóðlegra staðla um opinbera endurskoðun. Byggt er á skipulögðu ferli aðgerða og faglegu mati sem miðar að því að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Endurskoðunin fól meðal annars í sér áhættugreiningu og áhættumat ásamt almennum greiningaraðferðum og úrtakskönnunum og athugunum á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum.

Í samræmi við 5. grein laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga tók endurskoðunin mið af eftirfarandi:

Að reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri, fjárhagslegri stöðu og breytingu á henni á árinu í samræmi við settar reikningsskilareglur fyrir opinbera aðila.

Að kanna innra eftirlit og hvort það tryggir viðunandi árangur.

Að rekstur og umsvif séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáráukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, samninga og starfsvenjur þar sem það á við.


Í skýrslu þessari er fjallað almennt um vinnu við endurskoðun einstakra liða ársreikningsins og niðurstöður hennar. Endurskoðunarvinna byggir á góðu samstarfi við stjórnendur og starfsmenn. Starfsfólk Háskólans á Akureyri veitti þá aðstoð sem óskað var eftir. Við færum þeim okkar bestu þakkir fyrir gott samstarf.

Ársreikningur *Háskólans á Akureyri* var síðast endurskoðaður 2019 vegna ársins 2017.


Efnisyfirlit

Inngangur	2	7.6	Virðisaukaskattur og endurgreiðsla.....	12
1 Lykiltölur úr rekstri	4	7.7	Niðurstöður.....	12
2 Ábendingar og athugasemdir	5	8	Endurskoðun rekstrarliða.....	13
3 Viðbrögð við ábendingum og athugasemdum	6	8.1	Rekstrartekjur og framlög	13
4 Áhættumat og mikilvægi.....	7	8.2	Launagjöld.....	13
5 Fjárveiting og rekstur	8	8.3	Önnur rekstrargjöld	13
5.1 Fjárveitingar	8	8.4	Tekjufærsla fjárveitinga	13
5.2 Rekstraráætlun.....	9	8.5	Niðurstöður/ábendingar.....	13
5.3 Niðurstöður/ábendingar.....	9	9	Endurskoðun efnahagsliða	14
6 Innra eftirlit	10	9.1	Eignir.....	14
6.1 Inngangur	10	9.2	Eigið fé og skuldir.....	15
6.1 Umfjöllun	10	9.3	Niðurstöður/ábendingar.....	15
6.2 Niðurstöður/ábendingar.....	11	10	Önnur atriði	16
7 Fylgni við lög og reglur.....	12	10.1	Samþykkt ársreiknings og staðfestingarbréfs stjórnenda	16
7.1 Inngangur	12	10.2	Óhæðisyfirlýsing.....	16
7.2 Ferðakostnaður.....	12			
7.3 Risna	12			
7.4 Opinber innkaup.....	12			
7.5 Innkaupakort	12			

1 Lykiltölur úr rekstri



Eigið fé í lok árs



2 Ábendingar og athugasemdir

Endurskoðun hjá Háskólanum á Akureyri fyrir árið 2020 er lokið. Ekki verður annað séð en að vel sé staðið að rekstri og Umsýslu í samræmi við lög og reglur sem almennt gilda um fjárreiður og bókhald ríkisstofnana í A-hluta.

Frá síðustu endurskoðunarskýrslu Ríkisendurskoðunar fyrir rekstrarárið 2017 hefur Háskólinn á Akureyri unnið með og brugðist við þeim athugasemdum sem þar komu fram. Eftirfarandi ábendingum er komið á framfæri:

1

Lausafjárstaða

Um áramót stóð inneign í banka Háskólans á Akureyri um 6,4% af heildar rekstrarfé ársins. Samkvæmt 2. gr. reglugerðar nr. 83/2000 er heimilt að eiga sem nemur 2% af heildar rekstrarfé ársins.

2

Frestun á nýtingu ferða- og dvalarkostnaði.

Framkvæmdastjórn Háskólans á Akureyri samþykkti að háskólakennarar í rannsóknarmisseri á haustmisseri 2020 mættu fresta nýtingu úthlutaðan ferða- og dvalarkostnaðheimilda fram á næsta skólaár.

Vakin er athygli á athugasemd Fjársýslu ríkisins vegna nýtingar ferða- og dvalarkostnaður. Óheimilt er að færa slíkan kostnað á milli ára. Gera verður ráð fyrir auknum kostnaði á þessum rekstrarlið á nýju rekstrarári en yfirfærsla milli ára er óheimil.

3

Vörslufé

Háskólinn á Akureyri hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila, erlenda sem innlenda að fjárhæð 187,7 m.kr. með varðveislu á banakreikningum. Mikilvægt er að bókhald sé fært reglulega svo og að uppgjör og eftirlit með vörslureikningum sé viðhaft örvar en gert er í dag.

3 Viðbrögð við ábendingum og athugasemdum

Eftirfarandi viðbrögð bárust frá Háskólanum á Akureyri vegna ábendinga og athugasemda sem gerðar eru vegna endurskoðunar ársins 2020 í þessari skýrslu, sjá ábendingar og athugasemdir í kafla 2:

1. Lausafjárstaða

Engar athugasemdir eru gerðar við ábendingu.

2. Frestun á nýtingu ferða- og dvalarkostnaðar

„Heimild vegna ferða- og dvalarkostnaðar er til staðar í reglum HA um Rannsóknarleyfi (sem er sérstakt rekstrarviðfang) en ekki er úthlutað fjármunum fyrr en kemur að nýtingu þeirra. Að öllu jöfnu er ekki leyft að nýta heimild til ferða- og dvalarkostnaðar að rannsóknarleyfi loknu en heimsfaraldurinn skapaði óvenjulegt ástand á árinu 2020. Í ljósi þess var ákveðið að gera undantekningu á þessum reglum og heimila nýtingu eftir lok rannsóknarleyfis til að gera viðkomandi aðilum kleift að ljúka sínum rannsóknum. Því var ekki um það að ræða að sá kostnaður hafi verið færður á milli ára heldur var einmitt gert ráð fyrir auknum kostnaði undir þessum lið í fjárhagsáætlun fyrir árið 2021 á rekstrarviðfanginu “Rannsóknarleyfi”. Veittir styrkir úr Vísindasjóði (sem er einnig sérstakt rekstrarviðfang) sem eru skráðir meðal skammtímaskulda eru beinir styrkir til umsækjenda vegna rannsókna en ekki vegna ferða- og dvalarkostnaðar.“

3. Vörslufé


„Starfsmaður Fjármála- og greiningar hefur fjárhagslegt- og bókhaldslegt eftirlit (sam tímaeftirlit) með öllum útgjöldum þeirra þriðju aðila sem skólinn hefur tekið fjármuni til vörslu fyrir. Viðkomandi starfsmaður þarf að samþykkja öll útgjöld sem þriðju aðilar stofna til og er þar tekið tillit til þess hvort fjármunir séu til staðar á viðkomandi vörslureikningum sem og hvort útgjöldin samræmist þeim samningum sem eru á bak við framlög/styrki verkefnanna. Eftirlitið er s.s. samtíma eftirlit en uppgjör (þar sem rekstarviðföngin eru “núlluð” út í bókhaldi og mismunur færður á vörslureikninga) fer fram tvisvar á ári í tengslum við árshluta- og árslokauppgjör bókhalds skólans. Bókhaldslega eykur það því ekki gæði eftirlitsins að framkvæma tíðara uppgjör (núlla út vörslufé) vörslufjár en við bregðumst að sjálfsögðu við fjárhagslegum ábendingum með stöðu lausafjár í huga og gerum viðeigandi uppgjör mánaðarlega hér eftir þannig að staða vörslureikninga sé ljós á hverjum tíma.“

Í viðbrögðum við ábendingum og athugasemdum Ríkisendurskoðunar var einnig upplýst að nú þegar hefur verið skerpt á mikilvægi þess að rökstuðningur fylgi ákvörðun um fasta yfirvinnu. Þá er endurskoðun á innkaupastefnu skólans nýlokið og framhaldinu verður skerpt á reglum og skilgreiningum á umboði starfsmanna til að annast innkaup. Unnið er að ítarlegu áhættumati og yfirferð annarra þátta innra eftirlits.

4 Áhættumat og mikilvægi

Mat á áhættu og mikilvægi eru grundvallarþættir sem horft er til við skipulagningu og framkvæmd endurskoðunar. Þetta merkir að sjónum er sérstaklega beint að áhættusömum og verulegum liðum í reikningskilunum. Leitast er við að skipuleggja endurskoðunina með skilvirkni í huga, liður í því er að taka mið af rekstrarumhverfi Háskólans á Akureyri eins og kostur er. Lögð er áhersla á að yfirfara ferla í tengslum við gerð reikningskilanna og liði innan þeirra. Markmiðið með þessari yfirferð er meðal annars að afla upplýsinga um eftirlitsaðgerðir stjórnenda og að kanna virkni þeirra.

Eftirfarandi eru þeir liðir hjá Háskólanum á Akureyri sem voru taldir skipta mestu máli vegna endurskoðunarvinnu á árinu:



Við skipulagningu endurskoðunar voru mikilvægismörk ákvörðuð sem 2% af gjöldum ársins, eða 70 milljónir króna. Mikilvægismörk er sú fjárhæð skekkna sem er talin að hafi ekki áhrif á upplýstan lesenda reikningskilanna. Mikilvægismörk eru því einn af grunnþáttum endurskoðunar og marka meðal annars umfang þeirra endurskoðunargagna sem aflað er. Eftir sem áður er öllum skekkjum, sem finnast og máli skipta komið á framfæri við stjórnendur.

Við mat á áhættu og mikilvægi einstakra fjárlagaliða og stofnana eru jafnframt ákveðnir þættir hafðir til hliðsjónar m.a. eðli og umfang fjárlagaliðar eða stofnunar, fyrri athugasemda og fyrirkomulag bókhalds hjá stofnun.

5 Fjárveiting og rekstur

5.1 Fjárveitingar

5.1.2 Fjárveiting til rekstrar

Fjárveiting til Háskólans á Akureyri vegna rekstrar samkvæmt fylgiriti fjárlaga fyrir árið 2020 nam 3.293,5 m.kr. Þar var gert ráð fyrir 591,3 m.kr. rekstrartekjum og 2.702,2 m.kr. beinu framlagi úr ríkissjóði. Til viðbótar fékk háskólinn millifært af fjárlagalið 02-298 Styrkir á sviði háskóla og vísindastarfsemi 41,7 m.kr. framlag vegna nemendafjölgunar í kjölfar Covid-19 og 19 m.kr. framlag vegna rekstrarkostnaðar í tengslum við Covid-19. Auk þess fékk háskólinn millifært 20,8 m.kr. af fjárlagalið 02-998 Varasjóðir málaflokka framlag vegna nemendafjölgunar í kjölfar Covid-19. Í fjárukalögum var fjárveitingu breytt þannig að rekstrartekjur voru lækkaðar um 3,7 m.kr. og beint framlag vegna launa var lækkað um 21,3 m.kr. Tekjufærsla frestaðra tekna vegna afskrifta nam 34,4 m.kr. Endanleg fjárveiting til háskólans vegna rekstrar 2020 nam því 3.388,1 m.kr., 587,6 m.kr. fjármagnaðar með tekjum og 2.800,5 m.kr. með beinu framlagi úr ríkissjóði.

Tafla 1 Samanburður á fjárveitingum og rekstri 2020

Í þús. kr.	Fjárveiting 2020	Rekstur 2020	Frávik 2020	Rekstur 2019
Rekstrartekjur	-587.600	-872.076	284.476	-901.322
Launagjöld	2.171.300	2.400.684	-229.384	2.316.084
Önnur rekstrargjöld	1.072.400	1.044.137	28.263	883.952
Afskriftir	34.412	34.412	0	33.574
Rekstrartilfærslur	110.000	168.630	-58.630	202.564
Samtals	2.800.512	2.775.786	24.726	2.534.851

Afkoma ársins hjá Háskólanum á Akureyri var jákvæð um 24,7 m.kr. eða 0,9% innan fjárveitinga ársins. Rekstrartekjur voru 284,5 m.kr. hærrí en fjárveitingar gerðu ráð fyrir og launagjöld voru sömuleiðis 229,4 m.kr. hærrí en fjárveitingar gerðu ráð fyrir á árinu 2020. Hækkun rekstrarútgjalda umfram rekstrartekjur nam 240,9 m.kr. milli ára.

5.1.3 Fjárveiting til fjárfestingar

Háskólinn á Akureyri fékk 84,7 m.kr. fjárveitingu til fjárfestingar á árinu 2020 eins og fram kemur í fylgiriti með fjárlögum 2020. Samkvæmt ársreikningi var 64,2 m.kr. varið til fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum þannig

að ónotuð fjárveiting vegna fjárfestingar á árinu 2020 nam 20,5 m.kr. Ónotuð fjárveiting í lok árs hækkar sem því nemur og var 72,6 m.kr. í lok árs 2020 samanborið við 52,1 m.kr. í lok síðasta árs.

5.2 Rekstraráætlun

Rekstraráætlun Háskólans á Akureyri fyrir árið 2020 er skráð í fjárhagskerfi ríkisins. Hjá Háskólanum á Akureyri er mánaðarlega farið yfir rekstartölur og rauntölur fjárlagaliðarins, frávik greind og þau skýrð m.a. á fundum framkvæmdastjórnar, háskólaskrifstofufundum og fundum Háskólaráðs. Við áætlanagerðina er leitast við að gera áætlun í takt við þær sveiflur sem fylgja rekstri háskólans.

5.3 Niðurstöður/ábendingar

Rekstur Háskólans á Akureyri var 24,7 m.kr. innan fjárveitinga á árinu 2020. Uppsafnaður höfuðstóll nam 108,7 m.kr. í lok árs 2020. Ónotuð fjárveiting til fjárfestingar nam 72,6 m.kr. Rekstraráætlun er skráð í fjárhagskerfi ríkisins.

6 Innra eftirlit

6.1 Inngangur

Rektor Háskólans á Akureyri ber ábyrgð á framkvæmd innra eftirlits. Innra eftirlit felur í sér þær reglubundnu aðgerðir og ráðstafanir sem hlutaðeigandi aðili gerir til að stuðla að hagkvæmni rekstrar, öryggi fjármuna, áreiðanleika upplýsinga og almennt að því að markmiðum starfseminnar verði náð og fylgt sé lögum og reglum.

Ríkisendurskoðun ber skv. lögum að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðunandi árangur.

6.1 Umfjöllun

Greining og mat á innra eftirliti leiddi í ljós að verkferlar eru til staðar sem stuðla að virku innra eftirliti varðandi fjármál Háskólans á Akureyri. Verkferlar eru skjalfestir og er ákveðið skipulag um framkvæmd þeirra m.a. vegna launa, innkaupa, skráningar og samþykkt reikninga. Jafnframt hefur verið unnið að innleiðingu og uppfærslu á stefnum sem hafa verið til endurskoðunar hjá HA undanfarin misseri. Drög að handbók innra eftirlits var gerð á árinu 2015 en uppfærð á árinu 2018 með gildistíma frá 1. janúar 2019. Nýjasta útgáfan var unnin og uppfærð í ágúst 2020 og tók gildi 1. september sama ár. Handbókina skal yfirfara og uppfæra eftir þörfum en þó eigi sjaldnar en annað hvert ár. Ríkisendurskoðandi telur mikilvægt og jákvætt skref hafa verið stígið frá síðustu úttekt frá árinu 2017.

Jafnframt er unnið að ítarlegu áhættumati til skjölunar og er áætlað að þeirri vinnu verði lokið um áramótin 2021. Áhættugreiningar eru þó gerðar í tengslum við greinagerð með ársáætlun sem send er til ráðuneytisins með

fjárhagsáætlun hverju sinni, hvar helstu áhættuþættir í rekstri og starfsumhverfi háskólans eru raktir.

Háskólinn á Akureyri er að hluta til í þjónustu hjá Fjársýslu ríkisins sem annast m.a. launakeyrslu. Fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins (Orri) er notað við vinnslu á bókhaldi og launaafgeiðslu og viðverukerfið Vinnustund er notað fyrir skráningu á viðveru og fjarvistum starfsmanna. Háskólinn á Akureyri notar einnig Kol þar sem haldið er utan um kennsluskyldu kennara. Önnur gögn eru vistuð í GoPro skjálvistunarkerfi.

Aðgangsmál og aðgangsstýringar eru undir eftirliti. Heimildir, samþykkt reikninga og innkaupastefna er jafnframt nokkuð skýr og fylgja henni reglur. Stuðst er við tvöfalt samþykktarferli þ.e. innkaup og samþykkt reikninga eru ekki á sömu hendi. Heimild til innkaupa er bundinn hámarksupphæð sem nemur einni milljón króna án sérstaks samþykki framkvæmdastjóra. Rafrænt samþykktarferli er notað til að samþykkja alla reikninga sem berast. Ferðareikningar eru skráðir í Ferðabeiðnakerfi (Orri) og samþykktir af viðkomandi yfirmanni.

Nýráðningar og eða breytingar á ráðningasamningum eru gerðar með formlegum hætti og samþykktir af réttum aðilum. Gögn vegna starfsmanna eru geymd með skipulegum hætti. Ráðningasamningar eru undirritaðir af rektor annars vegar vegna annarra starfsmanna en Háskólaskrifstofu og hins vegar framkvæmdastjóra. Vegna breytinga á ráðningasamningi styðst verkefnastjóri launa- og kjaramála alltaf við breytingablað og kemur því til viðeigandi aðila til undirritunar. Framkvæmdastjóra, forstöðumönnum og forsetum er heimilt að semja um fasta yfirvinnu við starfsmenn sína í

stoðþjónustu og stjórnýslu í samráði við sinn yfirmann. Skjalfesting fastrar yfirvinnu ásamt rökstuðningi hennar skal eiga sér stað á breytingablaði launa eða á ráðningasamningi áður en breyting tekur gildi. Undirrituð breytingarblöð eru vistuð í GroPro. Við greiningu á launagögnum vantar upp á í einhverjum tilfellum fullnægjandi skýringar um ástæðu breytinga eins og kveðið er á um í reglum háskólans.

AR reikningakerfið er notað við útgáfu reikninga og innheimtu tekna. Háskólinn á Akureyri er með bankareikninga en auk þess er háskólinn með vörslureikninga. Bankareikningar eru afstemmdir mánaðarlega en vörslureikningar og viðskiptamenn afstemmdir tvisvar á ári. Við greiningu á gögnum kom í ljós að lausafjárstaða Háskólans á Akureyri var um 6,4% af heildarrekstrarfé í lok ársins en skv. 2. gr. reglugerðar nr. 83/2000 ber ríkisstofnunum að endurgreiða ríkissjóði fyrir lok hvers mánaðar það fé sem er umfram 2% af heildarrekstrarfé ársins bankareikninga umfram 2%. Leiðrétting á þessu var framkvæmd í byrjun árs 2021. Frá og með 1. september 2021 tók ný reglugerð nr. 822/2021 um sjóðsstýringu ríkisaðila og verkefna í A-hluta gildi og er í nýju reglugerðinni áfram gert ráð fyrir endurgreiðslu á stöðu af fjárveitingu ársins í lok hvers mánaðar. Við yfirferð gagna kemur í ljós að virkari og örari afstemming vörslureikninga er nauðsynleg m.t.t. áhrifa gengisbreytinga og umfang þeirra í starfsemi háskólans.

6.2 Niðurstöður/ábendingar

Eins og fram er komið hefur Háskólinn á Akureyri innleitt og bætt starfsumhverfi, vinnu- og verktilhögun sína verulega frá síðustu úttekt sem stuðlar að virku innra eftirliti varðandi fjármál stofnunarinnar. Ríkisendurskoðandi telur að vegferðinni sé ekki lokið og gera megi betur þannig að innra eftirlit verði skilvirkara en þær eru einna helst:

1. Mikil og nákvæm regla er um ákvörðun og mat á grunnkjörum við ráðningu starfsfólks hjá HA. Föst yfirvinna er samningsbundinn milli aðila og er mikilvægt að skerpa enn frekar á eftirfylgni með reglum og rökstuðningi um fasta yfirvinnu.
2. Skerpa þarf á eftirfylgni með þeim lögum og reglum sem í gildi eru sbr. 2. gr. reglugerðar um sjóðsstýringu ríkisaðila og verkefna í A-hluta ríkissjóðs sem tók gildi 21. september 2021 og tók yfir eldri reglur sem féllu úr gildi. Lausafé fór yfir viðmiðunarmök fyrir árið 2020 skv. reglum sem þá voru í gildi og nýjum reglum sem tóku gildi 21. september 2021.
3. Mikilvægt er að skerpa á skráningu, bókhaldi og eftirfylgni með vörslureikningum.

7 Fylgni við lög og reglur

7.1 Inngangur

Við fjárhagsendurskoðun ber að kanna hvort rekstur stofnunar hafi verið í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, samninga þar sem það á við. Fjallað er sérstaklega um fjárheimildir og rekstraráætlun í kafla 5.

7.2 Ferðakostnaður

Samkvæmt úttekt á ferðareikningum liggur fyrir að Háskólinn á Akureyri fylgir reglum um greiðslu, bókun og samþykkt vegna ferðalaga á vegum ríkisins. Áhrif Covid-19 veirunnar settu veruleg annmörk á ferðir starfsmanna stofnunarinnar. Ferðauppgjörskerfi í Orra er notað við skráningu og utanumhald.

7.3 Risna

Reikningar vegna risnu voru skoðaðri og báru með sér réttmæti bókunar.

7.4 Opinber innkaup

Háskólinn á Akureyri hefur sett sér skriflegar reglur um innkaup og fylgir lögum um opinber innkaup. Reglurnar voru fyrst samþykktar af háskólaráði árið 2007 og eru hluti af innra eftirliti stofnunarinnar. Háskólinn á Akureyri leitast við að nýta rammasamning Ríkiskaupa við öll innkaup. Reglurnar hafa verið og eru reglulega teknar upp og kynntar á fundum stjórnenda. Þar sem ekki er hægt að koma við aðgreiningu starfa er beitt tvöföldu samþykki.

7.5 Innkaupakort

Örfá innkaupakort eru í takmarkaðri notkun og annast verkefnastjórar bókhaldsafstemmingu á þeim.

7.6 Virðisaukaskattur og endurgreiðsla

Bókun og merking reikninga sem bera VSK eru í samræmi við fyrirmæli Fjársýslu ríkisins.

7.7 Niðurstöður

Ekki verður annað séð en Háskólinn á Akureyri fylgi að mestu lögum og reglum sem almennt gilda um fjárreiður og bókhald. Sett er fram smávægileg athugasemd til að skerpa á mikilvægi endurskoðunar á verklagi.

Mikilvægt er að uppfæra innkaupareglur með reglulegum hætti og skilgreina umboð starfsmanna til að annast innkaup.

8 Endurskoðun rekstrarliða

Samkvæmt niðurstöðu rekstrarreiknings fyrir árið 2020 námu tekjur umfram gjöld 24,7 m.kr. samanborið við 37 m.kr. árið 2019.

8.1 Rekstrartekjur og framlög

Rekstrartekjur háskólans námu samtals 728,5 m.kr. á árinu 2020 samanborið við 743,9 m.kr. árið 2019. Seld þjónusta nam um 384,9 m.kr. og hækkaði lítilega milli ára. Undir þessum lið eru tekjur vegna nemendagjalda um 203 m.kr., útseld sérfræðiþjónusta um 117 m.kr. og aðrar tekjur um 64,7 m.kr. Framlög og ýmsar tekjur námu 343,5 m.kr. og lækkaði lítilega milli ára. Undir þessum lið eru leigutekjur um 7 m.kr., kostnaðarhlutdeild um 27,3 m.kr., framlög frá ríkisaðilum í A hluta um 44,2 m.kr., önnur framlög, styrkir og gjafir um 230,5 m.kr. og ýmsar tekjur um 34,3 m.kr.

8.2 Launagjöld

Launagjöld voru endurskoðuð með fyrirspurnum og greiningum en jafnframt var framkvæmd úrtaksskoðun á launum ársins 2020. Heildarlaunakostnaður nam 2.400,6 m.kr. á árinu 2020 samanborið við 2.316,1 m.kr. á árinu 2019 sem er hækkun um 3,5% milli ára. Heildarstarfsmannafjöldi Háskólans á Akureyri árið 2020 var 202 samanborið við 205 árið 2019. Launaliðir eru innan viðmiða að teknu tilliti til áhrifa kjarasamningsbundinna hækkana.

Fjárýsla ríkisins sér um útreikning launa en launaafgreiðslan fer fram hjá háskólanum. Að baki launagreiðslum eru ráðningasamningar og skráning í rafrænt tímaskráningakerfi, Vinnustund og Kol. Breytingar á ráðningasamningum eru gerðar með formlegum hætti. Tímaskráningakerfi er notað til að halda utan um viðveru og fjarveru starfsmanna.

Gerð var úrtaksskoðun á launagreiðslum 1. nóvember 2020 en 12 starfsmenn voru valdir af handahófi og ráðningasamningar og breytingar á þeim ásamt gögnum um viðbótargreiðslur skoðuð. Almennt voru ráðningasamningar og breytingar á þeim ásamt gögnum um viðbótargreiðslur fyrirbyggjandi. Í örfáum tilfellum vantaði viðeigandi skýringar á breytingablað um fasta yfirvinnu.

8.3 Önnur rekstrargjöld

Önnur rekstrargjöld voru endurskoðuð með fyrirspurnum og greiningum. Önnur rekstrargjöld námu 945,3 m.kr. á árinu 2020 samanborið við 806,1 m.kr. árið 2019 sem er hækkun um 15%.

8.4 Tekjufærsla fjárveitinga

Framlag ríkissjóðs á árinu 2020 nam 2.766,1 m.kr. á árinu 2020 auk 34,4 m.kr. framlags til afskrifta eða samtals 2.800,5 m.kr. til rekstrar.

8.5 Niðurstöður/ábendingar

Farið var yfir rekstur Háskólans á Akureyri með greiningu og úrtaksskoðun þar sem það átti við. Úrtaksskoðun launa leiddi í ljós eftirfarandi:

Mikilvægt að skýringar komi fram á breytingablöðum vegna fastrar yfirvinnu. Í örfáum tilvikum vantaði viðunandi skýringar á breytingarblöð.

9 Endurskoðun efnahagsliða

Í árslok 2020 námu eignir 603,9 m.kr., skuldir 495,1 m.kr. og var höfuðstóll jákvæður um 108,7 m.kr.

9.1 Eignir

9.1.1 Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignfærsla hefur verið gerð frá og með árinu 2017, ásamt öðrum breytingum, í kjölfar setningar laga um opinber fjármál nr. 123/2015 (LOF). Eignir eru skráðar í eignakerfi Orra. Afskriftahlutfall er breytilegt milli einstakra flokka eigna

Varanlegir rekstrarfjármunir á árinu 2020 voru samtals 152,1 m.kr. og er um að ræða áhöld, tæki og ýmsan búnað ásamt farartækjum og vélum. Staða í eignaskrárkerfi (FA) er í samræmi við stöðu í fjárhagsbókhalda í árslok 2020.

9.1.2 Áhættufjármunir og langtímakröfur

Eignarhlutir í öðrum félögum námu 2,5 m.kr. í árslok 2020. Um er að ræða 1,9% eignarhluta í Rannsókn- og háskólaneti Íslands hf. að fjárhæð 1,0 m.kr. og 49,9% hlut í Þekkingarverði ehf. að fjárhæð 1,5 m.kr. Færsluhlutarnir eru færðir í samræmi við nafn- og matsverð. Hlutabréfaeign í Þekkingarverði er í samræmi við endurskipulagingu sem gerð var á félaginu á árinu 2017.

8.1.2 Viðskiptakröfur og aðrar kröfur

Viðskiptakröfur og aðrar kröfur námu 29,6 m.kr. í árslok 2020. Að stærstu leyti er um að ræða útgefna reikninga í AR. Enginn mismunur var á stöðu

viðskiptakrafna í AR og GL. Óinnheimtir reikningar í árslok 2020 voru að miklu leyti uppgerðir á árinu 2020.

9.1.3 Tengdir aðilar

Krafa á tengda aðila nam 242,1 m.kr. í árslok 2020 en nam 330,9 m.kr. árið á undan. Að stærstu leyti er um að ræða kröfu á ríkissjóð 221,6 m.kr. Afstemmingar liggja fyrir.

Krafa á ríkissjóð vegna orlofsskuldbindinga í árslok 2020 nam 105,1 m.kr. Krafan var færð á árinu 2017 sem áfallin skuldbinding í upphafi þess árs samkvæmt fyrirmælum Fjársýslu ríkisins.

9.1.4 Vörslufé

Vörslufé nam 187,7 m.kr. og er megin ástæða þessara háu stöðu rakin til færri vísinda- og rannsóknaverkefna vegna áhrifa Covid-19 veirunnar á árinu 2020. Vörslufé er varðveitt á bankareikningum á kennitölu skólans en telst ekki til eigna í efnahagsreikningi skv. fyrirmælum Fjársýslu ríkisins.

Staðfestingarbréf voru send til banka og sparisjóða til að staðfesta stöðu vörslufjár í árslok. Staða vörslufjár skv. upplýsingum þeirra var í samræmi við stöðu í bókhaldi í lok árs 2020.

9.1.5 Handbært fé

Staða handbærs fjár var 177,6 m.kr. í árslok samanborið við 59,0 m.kr. í lok síðasta árs. Háskólinn á Akureyri er með nokkra tékkareikninga og sparisjóðsreikninga, 176,6 m.kr. á tékkareikningum, 965 þús.kr. á sparisjóðsreikningum og 10 þús.kr. í sjóði. Með vísan til 2. gr. reglna nr.

83/2000 um láns- og reikningsviðskipti ríkisstofnana í A hluta vegna ársins 2020 er lagt til að betur verði fylgst með lausafjárstöðu og reglum fylgt í hvívetna. Vakin er athygli á að ný reglugerð nr. 822/2021 um sjóðsstýringu ríkisaðila og verkefna í A-hluta ríkissjóðs tók gildi 1. september 2021.

Staðfestingarbréf voru send til banka og sparisjóða til að staðfesta stöðu handbærs fjár í árslok og var staða samkvæmt upplýsingum þeirra í samræmi við stöðu í bókhaldi 31.12 2020.

9.2 Eigið fé og skuldir

9.2.2 Höfuðstóll

Höfuðstóll Háskólans á Akureyri nam um 108,7 m.kr. í árslok 2020 samanborið við 84,0 m.kr. árið á undan. Breyting á höfuðstól nemur 24,7 m.kr. eða sem nemur tekjuafgangi ársins 2020.

9.2.3 Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir námu 42,5 m.kr. í árslok 2020 samanborið við 41,7 m.kr. árið á undan. Að stærstum hluta er um viðskiptaskuldir í AP að ræða en enginn mismunur er á stöðu ógreiddra gjalda í AP og GL í árslok 2020. Viðskiptaskuldir eru að mestu leyti gerðar upp í ársbyrjun 2021.

9.2.4 Ýmsar skammtímaskuldir

Ýmsar skammtímaskuldir námu í árslok um 217,4 m.kr. samanborið við 221,1 m.kr. í lok síðasta árs. Helstu skuldir eru vegna orlofsskuldbindinga 185,0 m.kr. Önnur ógreidd gjöld námu um 32,4 m.kr. í árslok 2020 en þar af voru 17,6 m.kr. veittir styrkir úr Vísindasjóði.

9.2.5 Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda

Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga námu í árslok 2020 um 152,1 m.kr. og ónotuð fjárveiting til fjárfestinga um 72,6 m.kr. eða samtals 224.8 m.kr. samanborið við 174,5 m.kr. árið á undan.

9.3 Niðurstöður/ábendingar

Taka þarf eftirfarandi atriði til skoðunar:

Vakin er athygli á mikilvægi eftirfylgni laga og reglna sem gilda á hverjum tíma, sbr. 2. gr. 83/2000 um láns- og reikningsviðskipti ríkisstofnana í A hluta ríkissjóðs og reglugerð nr. 822/2021 um sjóðsstýringu ríkisaðila og verkefna í A-hluta ríkissjóðs sem tók gildi 1. september 2021. Lausafé Háskólans á Akureyri fór við áramót yfir viðmiðunarmörk þessara reglna.

10 Önnur atriði

10.1 Samþykkt ársreiknings og staðfestingarbréfs stjórnenda

Rektor Háskólans á Akureyri undirritaði ársreikning háskólans 16. september 2021. Staðfestingarbréf stjórnenda er undirritað af rektor 10. september 2021. Ekki var óskað sérstaklega eftir lögfræðibréfi en samkvæmt upplýsingum rektors, meðal annars í staðfestingarbréfi stjórnenda, voru engin málaferli í gangi hjá Háskólanum á Akureyri.

10.2 Óhæðisyfirlýsing

Fyrir liggja undirritaðar óhæðisyfirlýsingar þeirra starfsmanna Ríkisendurskoðunar sem sáu um endurskoðun hjá Háskólanum á Akureyri.



Ríkisendurskoðun
Bríetartúni 7 – 105 Reykjavík
Sími 448 8800

postur@rikisendurskodun.is – www.rikisendurskodun.is